

til að óska eftir fjárhagslegum upplýsingum vegna greiðsluþjónustu Íslandsbanka hf.

Nafn:	Kennitala:
Nafn:	Kennitala:

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160 fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um alla útgjaldaliði, fjárskuldbindingar eða aðrar fjárhagslegar upplýsingar sem ég/við stend/stöndum í við fjármálastofnanir, opinbera aðila og aðra þjónustuaðila vegna greiðsluþjónustu Íslandsbanka hf. Umboðið á við hvort sem um er að ræða banka, tryggingafélög, lífeyrissjóði, LÍN, skattayfirvöld, Íbúðalánasjóð, orkufyrirtæki, Tollstjóra, fjarskiptafyrirtæki og fleira.

Í þessu skyni heimila ég/heimilum við Íslandsbanka hf. að sækja allar ógreiddar og greiddar kröfur mínar/okkar í Kröfupott RB. Kröfupottur er miðlægur gagnagrunnur sem er staðsettur hjá Reiknistofu bankanna og heldur utan um allar kröfur fyrir kröfuhafa sem þess óska.

Umboðið nær til þess að fá þær upplýsingar sem þarf til að setja upp greiðsluáætlun vegna greiðsluþjónustu Íslandsbanka hf. og til að greiða umrædda útgjaldaliði fyrir mína/okkar hönd í gegnum greiðsluþjónustu Íslandsbanka hf., þar á meðal upplýsingar um hvort fjárskuldbindingar mínar/okkar séu í vanskilum eða komnar í innheimtu hjá þriðja aðila.

Umboð þetta er í gildi meðan að ég undirritaður/við undirrituð er/erum í greiðsluþjónustu hjá Íslandsbanka hf. og bankinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem þarf til að sinna greiðsluþjónustu með fullnægjandi hætti. Umboðið gildir bæði vegna upplýsingaöflunar við upphaf greiðsluþjónustu sem og við endurskoðun og breytingar á greiðsluþjónustu.

Umbjóðandi/Umbjóðendur getur/geta afturkallað þetta umboð hvenær sem þess er óskað af hans/þeirra hálfu. Afturköllunin tekur gildi næsta virka bankadag eftir að tilkynning um afturköllun berst til Íslandsbanka hf. með skriflegum og sannanlegum hætti. Afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti þeirra ráðstafana sem gerðar voru á grundvelli framangreinds umboðs á meðan það var í gildi.

Ég/Við undirritaður/undirrituð samþykki/samþykkjum með rafrænni undirskrift að upplýsingar sem Íslandsbanki hf. aflar á grundvelli þessa umboðs verði notaðar í tengslum við greiðsluþjónustu Íslandsbanka hf. og séu vistaðar hjá bankanum. Nánari upplýsingar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka má finna hér: www.islandsbanki.is/personuvernd.

Staður _____ Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Vottar að undirritun og dagsetningu:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Mótttekið f.h. Íslandsbanka hf.:

